

Landsvirkjun
Agnar Olsen
Háleitibraut 68
103 Reykjavík

2000060073
6607; 9310

Reykjavík, 27. desember 2000
/--

Efni: Stækkun Kröfluvirkjunar í Skútustaðahreppi um 40 MWe. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um stækkun Kröfluvirkjunar í Skútustaðahreppi um 40 MWe. Framkvæmdin fellur undir lið 13a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Landsvirkjun hefur lagt fram tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að um matsskylda framkvæmd sé að ræða. Skipulagsstofnun fellst á þá afstöðu framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 6. nóvember 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsvirkjun, Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. og
Orkustofnun: Stækkun Kröfluvirkjunar í Skútustaðahreppi um 40 MWe.
Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Október 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna eftirtalinna aðila, um tillögu framkvæmdaraðila, í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skútustaðahrepps, Náttúruverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Hollustuverndar ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Landgræðslu ríkisins og Orkustofnunar. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skútustaðahreppi með bréfi dags. 21. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 1. desember 2000, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 29. nóvember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 11. desember 2000,

iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 13. nóvember 2000, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 17. nóvember 2000 og Orkustofnun með bréfi dags. 20. nóvember 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 13. og 18. desember 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í ljósi þeirra skýringa sem fram koma af hans hálfu í frekari upplýsingum og með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Jarðhiti og orkuforði

Fjallað verði um orkugetu auðlindarinnar og áhrif þess að nota niðurdælingu við vinnslu jarðhita við Kröflu.

Greint verði frá því hvort og þá hvernig stækkun Kröfluvirkjunar tengist vinnu við Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem sú áætlun er í vinnslu.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar nær til Mývatns og er viðkvæmt m.t.t. náttúruverndar og ferðaþjónustu. Í matsskýrslu verði stækkun Kröfluvirkjunar borin saman við hugmyndir um jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi.

Sjónræn áhrif og áhrif á samfélag

Metin verði sjónræn áhrif mannvirkja á Kröflusvæðinu og þeim lýst í greinargerð, með ljósmyndum, skýringauppráttum og/eða þrívíddarteikningum.

Gerð verði grein fyrir niðurstöðum könnunar, á vegum fyrirtækisins Ráðgjöf og rannsóknir í ferðaþjónustu, á áhrifum Kröfluvirkjunar og fyrirhugaðrar stækkunar.

Framkvæmd og rekstur

Í ljósi umsagnar Hollustuverndar ríkisins o.fl. verði fjallað um efnanotkun við borun, frárennsli og meðferð úrgangs svo sem baríumsúlfat og sements en baríumsúlfat er á lista II í reglugerðum nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Gerð verði grein fyrir mismunandi kostum við förgun úrgangs með tilliti til hugsanlegra umhverfisáhrifa. Fjallað verði um styrk mengandi efna í affallsvatni og áhrif þess í og við Hlíðardalslæk, áhrif á grunnvatn og hugsanlegt streymi þess grunnvatns að Mývatni.

Gerð verði grein fyrir mengandi lofttegundum á svæðinu og hvernig fylgja

eigi ákvæðum reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði. Fjallað verði um hvernig framkvæmdaraðili hyggst samrýma aukna losun gróðurhúsalofttegunda við áform stjórnvalda um að draga úr þeim.

Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir staðsetningu, stærð, efnismagni og hvernig staðið verði að efnisnámi og frágangi námu að því loknu og hvort viðkomandi náma samrýmist aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Gróður

Náttúruvernd ríkisins óskaði eftir upplýsingum um aðferðir við mat á gróðri og að gert yrði nýtt gróðurkort. Samkvæmt frekari upplýsingum framkvæmdaraðila mun rannsókn á gróðurfari felast í því að einstökum svæðum verði lýst, gerður listi yfir plöntur, framkvæmdar þekjumælingar og leitað að fágætum plöntum. Athugunarsvæði verði dregin inn á myndkort þannig að staðsetning þeirra verði ljós og í matsskýrslu verði gerð grein fyrir niðurstöðum. Skipulagsstofnun telur ekki þörf á að gert sé nýtt gróðurkort af framkvæmdasvæðinu, í ljósi þess er að framan greinir, en tekur undir ábendingu framkvæmdaraðila um að góðurkort verði gert af allri Kröfluöskjunni sem liður í frekari rannsóknum á svæðinu.

Fjallað verði um hættu á vatnsrofi vegna affallsvatns við borun og aukins frárennslis frá orkuverinu.

Fuglalíf

Gerð verði grein fyrir rannsóknasvæði, aðferðum og niðurstöðum talninga, þær bornar saman við fuglatalningar við Námafjall frá 1998 og 1999. Þá verði gerð grein fyrir einstökum tegundum sem sáust og hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á þær.

Verndargildi

Staðsetning mannvirkja verði sýnd með tilliti til verndargildis svæða sbr. náttúruverndarkort af Mývatnssveit sem Náttúruverndarráð gaf út árið 1987.

Stefán Thors

Póroddur F. Póroddsson

Afrit: Skútustaðahreppur, Náttúruvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Orkustofnun og Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns.